

Tillaga til þingsályktunar

um þjóðgarð á miðhálandinu.

Flm.: Katrín Jakobsdóttir, Andrés Ingi Jónsson, Ari Trausti Guðmundsson,
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Kolbeinn Óttarsson Proppé,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Rósa Björk Brynjólfsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon, Steinunn Þóra Árnadóttir, Svandís Svavarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að undirbúa og hrinda í framkvæmd í samstarfi við hlutaðeigandi aðila stofnun þjóðgarðs sem taki yfir allt miðhálandi Íslands. Ráðherra leggi áætlun um þjóðgarðsstofnun og ráðstafanir sem gera þarf vegna verkfnisins fyrir Alþingi á haustþingi 2018 með það að markmiði að miðhálandisþjóðgarður verði stofnaður eins fljótt og við verður komið.

Greinargerð.

Þessi þingsályktunartillaga var fyrst lögð fram á 145. löggjafarþingi (10. mál) af þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Eftir að mælt hafði verið fyrir málinu gekk það til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis sem sendi út umsagnarbeiðnir vegna þess 24. september 2015. Alls bárust 12 umsagnir og var afstaða umsagnaraðila til málsins misjöfn en meiri hluti þeirra var þó jákvæður í garð málsins. Málið varð ekki útrætt en erindi þess við íslenskt samfélag er hins vegar brýnt. Því er það endurflutt með lítills háttar breytingu á tillögutexta sem varðar tímamörk og eftirfarandi greinargerð sem er lítillaga breytt frá fyrra þingi.

Vorið 1928 samþykkti Alþingi lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, sem lýstu Þingvelli við Öxará friðlýstan helgistað allra Íslendinga frá og með upphafi þjóðhátíðarársins 1930. Voru með þessu mörkuð þau mikilvægu tímamót í sambúð lands og þjóðar að verndargildi landsvæðis í almannaeigu hlaut viðurkenningu löggjafans og gerðar voru ráðstafanir í samræmi við það sem miðuðu að því að varðveita þar menningarminjar og náttúrufar.

Vissulega skipti hér miklu að um var að tefla hinn forna þingstað þjóðarinnar. Alþingi var stofnað á Þingvöllum og þingið háð við Öxará, í sérstæðu og mikilúðlegu umhverfi, frá stofnun þess á þjóðveldistíma allt fram til 1798 að þinghald þar lagðist af. Táknrænt gildi Þingvalla sem sögustaðar var því ótvírætt og náttúrufarið heillaði einnig enda sagði í niðurlagi greinargerðar með frumvarpi til laga um friðun Þingvalla (þskj. 23 á 40. löggjafarþingi) að takmark þjóðrækinna manna með friðlýsingu Þingvalla væri „að vernda sem best hina sögulegu helgistaði og náttúrufegurð Þingvallasveitar“. Þjóðrækni var þannig talin drifkraftur aðgerða til að varðveita menningu og náttúrufar hins merka staðar og þótt undirbúningur Alþingishátíðarinnar, sem haldin var á Þingvöllum árið 1930, væri meðal áhrifavaldanna sem urðu til þess að friðlýsingin komst í kring einmitt á þessum tíma, einkenndust áformin um hana einnig af langtímahugsun og vilja til að „vernda Þingvöll og hinar sögulegu minningar vegna óborinna kynslóða“ eins og segir í fyrirnefndri greinargerð.

Ekki þótti vanþörf á að mati þeirra sem unnu að framgangi málsins. Sérstakur umsjónarmaður staðarins hafði raunar komið því til leiðar að minna var en áður um tómar öskjur, flöskur og annan úrgang eftir ferðamenn sem áður hafði gert Þingvallagestum gramt í geði, en ásýnd staðarins hafði beði hnekki með klunnalegum byggingum á óviðeigandi stöðum, vegalagningu af sama toga, ofbeit, jarðraski og hirðuleysislegri umgengni í hvívetna. Ekki þótti það bæta stöðuna að eins og lögum var háttað hefðu leiguliðar á Þingvöllum getað tekið sig saman um að virkja Öxarárfoss til heimilisnota fyrir sig ef þeim hefði boðið svo við að horfa. Má ætla að mörgum þyki ábendingar friðunarsinna árið 1928 kunnuglegar með skírskotun til umræðu um náttúruvernd, virkjanaframkvæmdir og áhrif ferðamannaíðnaðar á síðari tímum.

Stofnun Þingvallabjórðgarðs var fyrsti áfanginn í verndun tiltekinna svæða hér á landi fyrir mannvirkjagerð og öðru raski í því skyni að gera almenningi kleift að njóta þeirra óspilltra. Slíkar ráðstafanir fela það jafnan í sér að náttúrufar nýtur verndar þannig að mannvirkjagerð eru settar þröngar skorður og takmarkast að jafnaði við að þjóna því markmiði að almenningur eigi færi á að komast um verndarsvæðin og hafa þar viðvöl.

Næst var ráðist í stofnun Þjóðgarðs árið 1967 er Skaftafellsþjóðgarður var stofnaður á grundvelli þágildandi náttúruverndarlaga, nr. 48/1956, og með tilstyrk alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna World Wildlife Fund (WWF). Þjóðgarður var og settur á stofn í Jökulsárgljúfrum á grundvelli sömu náttúruverndarlaga árið 1973 og árið 2001 var Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull stofnaður á grundvelli laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Allmikil umræða fór fram hérlendis um málefni miðhálandisins á 10. áratug síðustu aldar og stafaði m.a. af því að þá var unnið að svæðisskipulagi miðhálandisins sem lyktaði með staðfestingu þess árið 1999. Það var í þessu andrúmi vaxandi áhuga á miðhálandinu og aukins skilnings á náttúruverndarmálefnum sem Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur lagði fram á 122. löggjafarþingi tillögu til þingsályktunar um þjóðgarða á miðhálandinu (406. mál) þar sem lagt var til að stofnaðir yrðu fjórir þjóðgarðar á miðhálandinu umhverfis helstu jökla þess: Vatnajökul, Hofsjökul, Langjökul og Mýrdalsjökul. Tillagan varð ekki útrædd á 122. þingi og endurflutti Hjörleifur hana óbreytta á 123. löggjafarþingi (16. mál) þar sem hún var samþykkt sem þingsályktunartillaga nr. 15/123, að því leyti breytt frá upphaflegu orðalagi að í stað fjögurra þjóðgarða var gert ráð fyrir stofnun eins – Vatnajökulsþjóðgarðs – og varð heiti þingsályktunarinnar til samræmis við það.

Eftir áralangan undirbúning lagði Jónína Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra, fram frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð á 133. löggjafarþingi (395. mál) sem varð að lögum nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð. Með þessari ráðstöfun varð til víðáttumesti þjóðgarður Íslands og runnu þjóðgarðarnir sem fyrir voru í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum inn í hinn nýstofnaða þjóðgarð.

Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2008 var mikill og góður áfangi fyrir náttúruvernd fyrir margra hluta sakir. Þjóðgarðurinn tekur yfir Vatnajökul, stærsta jökul landsins, og næsta áhrifasvæði hans þar sem er að finna einstakt landslag, jarðmyndanir og lífríki sem nú njóta verndar. Þjóðgarðurinn er ríkisstofnun og er stefna hans mótuð af ráðherraskipaðri stjórn. Innan marka hans eru lendum í eigu hins opinbera og einkaaðila og nokkur sveitarfélög eru innan stjórnsýslu- og áhrifasvæðis hans. Ætti sú reynsla sem fengist hefur af starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs og beitingu stjórnækja hans til þess að rækja það meginhlutverk slíkra stofnana að vernda náttúruna og gera hana aðgengilega almenningi að nýttast vel til nýrra sókna á þessu sviði.

Hofsjökulsþjóðgarður var meðal þeirra fjögurra þjóðgarða sem Hjörleifur Guttormsson lagði til að yrðu á miðhálandi Íslands, tengdir meginjökklum þar. Í þeim anda hefur á nokkrum

þingum verið flutt þingsályktunartillaga um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs, fyrst á 140. löggjafarþingi (106. mál) og aftur á 141. löggjafarþingi (522. mál) af Guðfriði Lilju Grétarsdóttur og nokkrum þingmönnum öðrum. Þá fluttu þingmenn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, með Katrínu Jakobsdóttur fremsta í flokki, tillöguna lítt breytta á 143. löggjafarþingi (169. mál) og því 144. (26. mál) án þess að hún næði fram að ganga.

Í fyrirleggjandi þingsályktunartillögu er lagt til að þjóðgarði verði komið á sem taki yfir allt miðhálandi Íslands, sem stundum er nefnt „hjarta landsins“. Þetta er gert í ljósi þess að skilningur á nauðsyn og gildi náttúruverndar fer sívaxandi og sökum þess að kröfunni um friðun miðhálandisins eykst fylgi ár frá ári á sama tíma og sóst er eftir því að svipta það sérkennum sínum, breyta ásýnd þess og eiginleikum og eyða því þar með sem einstöku fyrirbæri á heimsvísu.

Árið 2011 fengu helstu náttúruverndarsamtök landsins fyrirtækið Capacent Gallup til að annast skoðanakönnun um viðhorf landsmanna til stofnunar þjóðgarðs á miðhálandinu. Í ljós kom að 56% svarenda reyndist hlynntur stofnun slíks þjóðgarðs. Önnur vísbending um mikinn stuðning almennings við verndun hálandisins er húsfullir á hálandishátíð um það efni sem haldin var vorið 2015 í Háskólabíói í Reykjavík af ýmsum samtökum sem láta sig varða náttúruvernd og útivist. Snemma árs 2016 tóku svo tuttugu frjáls félagasamtök útivistarfólks og umhverfisverndarsinna höndum saman við Samtök ferðaþjónustunnar og undirrituðu viljayfirlýsingu um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Í kjölfarið skipaði þáverandi umhverfisráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, starfshóp sem átti að kanna forsendur fyrir stofnun miðhálandisþjóðgarðs en sá hópur skilaði nýlega áfangaskýrslu til umhverfisráðherra. Á sama tíma hefur hins vegar verið lögð fram tillaga að nýrri rammaáætlun þar sem lagt er til að virkjanakostur innan miðhálandislínu, Skrokkalda, verði settur í nýtingarflokk. Það er því brýnt að Alþingi taki skýra afstöðu til verkefnisins sem fyrst og nýti þar með einstakt tækifæri til að stíga stórt skref í þágu náttúruverndar á Íslandi.

Hálandi Íslands er eitt stærsta landsvæði Evrópu sunnan heimskautsbaugs sem aldrei hefur verið numið. Við blasa svartir sandar, hvítir jöklar og gróðurvinjar, algjörlega óregluleg í stærð og lögun, án manngerðra áhrifa. Það er þessi hrikalega fegurð sem fær Íslendinga á heimleið frá útlöndum til að tárast þegar flogið er yfir landið og dregur hingað ferðamenn í leit að einstakri upplifun. Þessi ósnortna náttúra hefur gildi í sjálfri sér, óháð mannlegum mælikvörðum.

Hugmyndir og áætlanir um stórfellda mannvirkjagerð á miðhálandi Íslands ganga m.a. út á vatnsaflsvirkjanir, lagningu raflína og gerð uppbyggðra vega. Allt er þetta til þess fallið að svipta þetta landsvæði, og þar með landið í heild, mikilsverðum sérkennum og eiginleikum sem erfitt eða ómögulegt er að endurheimta. Mikilvægt er að hindra að slíkt glapræði verði framið og ber okkur að halda í heiðri þá langtímahugsun og ræktarsemi við land og þjóð sem einkenndi ákvarðanatökuna á Alþingi árið 1928 þegar afráðið var að vinna gegn hnignun og niðurlægingu Þingvalla með stofnun þjóðgarðs þar, eða óskar þess nokkur að það skref hefði ekki verið stigið?